

dóma, í 25. bindi, bls. 577, í 34. bindi, bls. 41, og í 35. bindi, bls. 843. Enn fremur má nefna dóma bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðna 15. júlí 1965 og 3. september 1965).

Þegar þetta er haft í huga, þykir launakrafa stefnanda eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin kr. 70.000.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir frá 1. júlí 1967 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.500.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur G. Jónsson, greiði stefnanda, Sigrun Karín Holdal, kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 14.500.00 í málskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 195/1967: Dánarbú Helgu Hafsteinsdóttur

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Bernhard Petersen h/f

(Guðmundur Pétursson hrl).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Helga Hafsteinsdóttir áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. desember 1967. Hún andaðist 13. júní 1968, og hefur dánarbú hennar tekið við aðild málsins.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 100.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eins og í héraðsdómi greinir, varð slys það, sem mál þetta er af risið, hinn 3. marz 1952 með þeim hætti, að Helga heitin Hafsteinsdóttir, þá sjö ára að aldri, á leið sinni norður yfir Hringbraut í Reykjavík rakst á vörubifreiðina R 1880, sem ekið var austur nyrðri akbraut Hringbrautar og nálgadist vegamót hennar og Hofsvallagötu. Á suðurjaðri nefndrar akbrautar stóðu bifreiðar. Á milli þeirra hafði Helga heitin hlaupið inn á akbrautina. Lenti hún á bifreiðinni, féll í götuna og hlaut lemstur, sem krafizt er bóta fyrir og síðar greinir.

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík tók þegar eftir slysið hinn 3. marz 1952 skýrslu af Friðriki Jónssyni, er ók bifreiðinni, og er sú skýrsla svohljóðandi:

„Ég hætti vinnu laust fyrir kl. 1200 í dag, en ég vinn í Lýsisstöð, sem er til húsa að Sólvallagötu 80. Lýsisstöð þessi á vörubifreiðina R 1880. Ég ók bifreið þessari oft og fer heim á henni í mat. Ég lagði því af stað frá stöð þessari um kl. 1200 á áðurnefndri bifreið, og voru þrír vinnufélagar mínir með mér, og eru nöfn þeirra í skýrslu lögreglunnar. Einn þessara manna sat við hlið mér í stýrishúsinu, en hinir tveir stóðu á vörupalli fram við stýrishúsið. Bifreiðin er með vinstri handar stýri, og er hún öll í fyllsta lagi. Ég ók austur Hringbraut á alls ekki yfir 20 kílómetra hraða, miðað við klukkustund, og ók ég á miðjum vegi, því klakahryggur lá við gangstéttina vinstra megin við bifreið mína. Er ég var kominn rétt að gatnamótum Hofsvallagötu, þá heyrði ég, að mennirnir á vörupallinum börðu í þak stýris-hússins, og þá hemlaði ég og beygði til vinstri og stöðvaði bifreið mína í þeirri stöðu, sem uppdrátturinn sýnir.

Ég fór strax út úr bifreiðinni, eða um leið og hún stöðv-

aðist, og sá ég þá, að annar mannanna af vörupallinum var kominn að ungri telpu, sem lá á götunni fyrir aftan bifreiðina. Ég fór þá einnig að telpunni, en hún vildi standa upp, en félagi minn hélt henni niðri og bað hana að liggja kyrr. Telpan lá langsum á götunni með fæturna í austur, en höfuðið í vestur, og lá hún á bakinu. Gerðar voru strax ráðstafanir til að tilkynna lögreglunni um þetta, og kom lögreglan og sjúkrabifreið á staðinn.

Ég heyrði það á tali vinnufélaga minna, að telpan hefði hlaupið út á götuna milli tveggja bifreiða, er stóðu á hægri vegjaðri við stykkið, sem skifti brautinni. Ég sá telpuna ekki, fyrr en eftir að ég kom út úr bifreiðinni, en eftir því sem vinnufélagar mínir sögðu, þá hafði telpan hlaupið á bifreiðina og lent á hægri hlið vörupallsins, en nánar get ég ekki um það sagt. Ég varð ekki var, að bifreiðin eða hjól hennar færu yfir neitt, er ég ók þarna, og því þykir mér ósennilegt, að telpan hafi orðið fyrir hjólum bifreiðarinnar.

Telpan var með meðvitund og kannaðist strax við móður sína, er hún kom þarna að.

Ef mennirnir á vörupallinum hefðu ekki bankað í stýris-húsið, þá hefði ég ekki haft hugmynd um slys þetta. Ég var í alla staði vel á mig kominn, er ég ók bifreið minni í umrætt skipti, og beindi allri athygli minni að akstrinum og veginum framundan. Engin bifreið var á undan mér, er þetta skeði, eða það nálægt, að ég tæki eftir því.

Telpan lá þannig á götunni, að hún virtist liggja í eða við hjólfarið eftir hægra hjól bifreiðarinnar.

Lögreglumenn þeir, sem komu á staðinn, reyndu ástand bifreiðarinnar, og töldu þeir hana í fyllsta lagi. Ég hef séð uppdrátt lögreglunnar og skýrsluna, og er það hvort tveggja rétt.

Frekari upplýsingar get ég ekki gefið í máli þessu“.

Aðrar skýrslur hafa ekki komið fram í málinu af hendi ökumannsins.

Er vörubifreiðin R 1880 nálgaðist hinar kyrrstæðu bifreiðar og var ekið fram hjá þeim, bar ökumanninum að gæta ýtrustu varkárni og huga m. a. eftir föngum að um-

ferð af syðri akbraut Hringbrautar norður í milli bifreiðanna, enda jafnan hætta á vangæzlu vegfarenda við slíkar aðstæður, einkum ef í hlut eiga börn eða unglingar. Af skýrslu öikumannsins, sem rakin var, eða öðrum gögnum málsins verður ekki ráðið, að hann hafi að þessu leyti sýnt fulla aðgæzlu, heldur bendir það, sem rannsóknarlögreglan hefur skráð eftir honum, frekar í þá átt, að athygli hans hafi einvörðungu beint að „veginum framundan“. Samkvæmt þessu ber að fella ábyrgð á tjóni af slysinu að hluta á stefnda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, er í gildi voru, þá er slysið varð.

Ferð Helgu heitinnar, er slysið bar að höndum, var mjög gálausleg. Er og af þeim sökum af hendi áfrýjanda játað ábyrgð á tjóni á slysinu að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Þegar virt eru öll atvik að slysinu, þykir rétt, að áfrýjandi beri tjónið að $\frac{3}{4}$ hlutum, en stefndi bæti það að $\frac{1}{4}$ hluta.

Lemstur Helgu heitinnar reyndust mjög alvarlegs eðlis. Hún leitaði læknishjálpar og dvaldist í sjúkrahúsum heima og erlendis. Páll tryggingayfirlæknir Sigurðsson mat örorku hennar. Sjúkrasaga hennar er ýtarlega rakin í skýrslu yfirlæknisins, sem dagsett er 8. júlí 1963, og segir þar m. a.:

„Það liggur fyrir læknisvottorð frá Friðriki Einarssyni yfirlækni, dags. 9. 3. 1952, en telpan var lögð á Landspítalann samdægurs, og er vottorðið svohljóðandi:

„Þann 3. marz 1952, um kl. 12 $\frac{1}{4}$, var komið á Landspítalann með Helgu Hafsteinsdóttur, sem sögð er fædd 30/1 1945 ...

Við skoðun fannst höfuðkúpubrot ofan og aftan við vinstra eyra. Var þar brotið allstórt stykki og því þrýst inn á við.

Lítils háttar blæddi úr annarri nösinni.

Fleiður fannst ofan við bæði hné, á vinstri mjöðm og hægri rasskinn.

Rétt eftir komu missti sjúklingurinn meðvitund, en rakaði við eftir nokkrar mínútur. Síðan engin yfirlið.

Fyrstu dagana var hún nokkuð dauf og syfjuleg, kvartaði um höfuðverk og kastaði upp við og við. Síðan hefur líðan farið dagbatnandi, og nú eru engar kvartanir.

Höfuðkúpubrotið verður látið gróa, eins og það er nú, þótt það sé ekki í réttum skorðum, því að hætta getur verið á að hreyfa við því. Hins vegar er ekki hægt að segja um, nema það kunni að valda óþægindum seinna í lífinu og krefjist þá aðgerðar“.

Samkvæmt vottorði frá próf. Snorra Hallgrímssyni, 20/1 1956, þá hefur telpan verið nokkuð frísk 6—8 mánuði fyrst eftir slysið, en eftir það fór að bera á óþægindum frá höfði, og skoðun leiddi í ljós, að beingarður hafði myndast innan á höfuðkúpunni í brotstaðnum, og var hann talinn þrýsta á heilann, en vottorð próf. Snorra frá 20/1 1956 er svoljóðandi:

„Helga Hafsteinsdóttir, f. 30/1 1945, til heimilis að Hringbraut 90, Reykjavík, vistaðist á IV. deild Landspítalans hinn 3/3 1952 vegna meiðsla, er hún hafði hlotið samdægurs. Að sögn hafði hún hlotið meiðslin á þann hátt, að er hún var að hlaupa út á götu milli tveggja bíla, er stóðu við gangstéttina, þá hafi hún hlaupið á pall vörubifreiðar, sem ók framhjá. Hún mun hafa verið flutt, strax eftir að slysið vildi til, á IV. deild Landspítalans og kom þangað kl. 12.15. Ekki er vitað, hvort hún hafi misst meðvitund við höggið, sem hún fékk.

Við komuna var hún með fullri meðvitund, en frekar sljóleg og hreyfði sig lítið. Hún kvartaði um verki í vinstri mjöðm. Aftan og ofan við vinstra eyra var hörð kúla í hársverðinum, um $3 \times 3 \times 2$ cm að stærð. Nokkur eymsli voru á þessu svæði. Lítið eitt blæddi úr vinstri nös. Á vinstra kinnbeini var smáfleiður, þá var og smáfleiður á hægri rasskinn, vinstri mjöðm og ofan við vinstra eyra, og hafði kúlan dældast lítið eitt inn á við.

Skömmu eftir komuna fór að síga höfgi á sjúkling, og var hún að mestu meðvitundarlaus í klukkutíma. Eftir það fór hún að hressast, en kastaði nokkru síðar upp, og voru uppköstin blóði blandin, sennilega vegna blæðingarinnar úr vinstri nös.

Fyrstu 2—3 dagana eftir komuna kastaði hún nokkrum sinnum upp, en leið að öðru leyti vel og var vel hress. Hún

útskrifaðist á ellefta degi eftir komuna og var þá vel hress.

Stúlkan var til athugunar hjá undirrituðum í apríl s.l. Móðirin upplýsti, að fyrstu 6—8 mán. eftir slysið hafi stúlkan verið vel frísk, en úr því fór að bera á óþægindum frá höfði, sem lýstu sér með svima og að henni sortnaði fyrir augum, og stundum fannst stúlkunni eins og liði yfir hana augnablik.

Skoðun leiddi í ljós, að beingarður hafði myndazt innan á höfuðkúpunni á brotstaðnum aftan og ofan við vinstra eyra, og var augljóst, að sá beingarður þrýsti á heilann.

Þar eð líklegt þótti, að óþægindi sjúklings stöfuðu af þessum breytingum á höfuðkúpunni, var stúlkan send til sérfræðings í heilaskurðaðgerðum til skoðunar og aðgerðar. Hún var tekin inn á Rigshospitalets neurokirurgiskafdeling, Köbenhavn, 15/5 1955“.

Eins og kemur fram í vottorði próf. Snorra, þá var telpan send á taugaskurðeild í Kaupmannahöfn, og það liggur fyrir afrit af læknabréfi þaðan, en þar lá hún frá 15/5—1/6 1955, og er sjúkdómsgreining deildarinnar meningo cerebral cicatrice, depressionsfractur, og á deildinni er gerð excision og knogleplastik ...

Það liggur fyrir vottorð frá Gunnari Guðmundssyni, sérfræðingi í taugasjúkdómum, dags. 14/3 1962, og er það svohljóðandi:

„Helga Hafsteinsdóttir ... hefur verið hjá mér til rannsóknar vegna afleiðinga slyss, er hún varð fyrir 1952 ...

Eftir að sjúklingur kom heim af Landspítalanum, var hún óþægindalaus a. ö. l. en því, að hún hafði mjög þrálátan höfuðverk. Er hún var 10 ára, fór hún að detta niður og missa meðvitund, en ekki bar þó á neinum krömpum hjá henni. Mun hún hafa fengið nokkur slík köst ...

Síðan hún var opereruð í Kaupmannahöfn, hefur hún fengið allslæm höfuðverkjaköst. Heyrn á vinstra eyra er nánast upphafin.

Sjúklingur hefur um lengri tíma fengið eins og óróleika-köst, og er skapgerð hennar mjög erfið og fer versnandi. Þóli hún að sögn mjög illa allan hávaða og er mjög eirðar-

laus. Vegna skapbrestanna hefur hún verið um tíma á heimili á vegum barnaverndarnefndar.

Skoðun: Við skoðun er sjúklingur mjög óróleg, greinilega óeðlilega „irriteruð“.

Nn. kranialis: Heyrn er mjög mikið minnkuð á vinstra eyra.

A. ö. l. eru heilataugar eðlilegar.

Motorik: Tonus, trofik, krafta, reflexar eðlil.

Babinski negat. blat. Koordination: Eðlileg. Ronberg negat.

Sensibilitet: Eðlil. Sfinterfunktion: Eðlil.

Blóðþr.: 140/80.

Eeg.: 6/9 1961: „... Grunsamlegt um epilepsi“.

Alit: Sjúklingur hefur fengið slæman höfuðáverka með contusio cerebri, og verð ég að telja, að heyrnartapið á vinstra eyra, breytingar á heilalínuritinu, höfuðverkjaköstin svo og skapgerðarbreytingarnar séu afleiðingar þess.

Ósennilegt tel ég, að hún lagist neitt að ráði úr þessu, og tel ég því ástandið, eins og það er nú, nánast varanlegt“.

Stúlkan kom til skoðunar og viðtals hjá undirrituðum 6/6 1963. Aðspurð kveðst hún hafa verið í barnaskóla og tvo vetur í kvennaskóla, en s.l. vetur var hún í skóla í Danmörku. Vinnur nú sem starfsstúlka á hóteli í vaktavinnu. Kveðst ekki nota nein lyf. Kvartar um, að hún hafi stöðugan höfuðverk. Kvartar einnig um, að hún þoli illa að vera úti í sól og í roki. Aðspurð kveðst hún hafa reykt í síðustu 5 ár og reykir nú að staðaldri 1 pakka á dag og hefur gert það undanfarið ár.

Skoðun: Stúlkan kemur eðlilega fyrir. Svarar spurningum hiklaust og af skynsemi. Við skoðun er ekkert athugavert að finna nema vel gróið ör á höfði og annað á læri eftir aðgerðir, sem nefndar hafa verið í vottorðum.

Auk þeirra vottorða, er fyrr getur, þá liggur fyrir vottorð frá Eyþóri Gunnarssyni, sérfræðingi í háls-, nef- og eyrna-sjúkdómum, dags. 14/6 1963:

„Hef í dag rannsakað Helgu Hafsteinsdóttur ... Hún hlaut höfuðkúpabrot fyrir ca. 11 árum. Var fjórum árum seinna gerður uppskurður á höfði í Kaupmannahöfn vegna

afleiðinga slyssins. Eftir það fór að herá á versnandi heyrn á vinstra eyra. Við rannsókn í dag reyndist heyrnin eðlileg á hægri eyra, en á vinstra eyra nokkurt heyrnartap. Heyrir hvísl ca. 1 m. Ekki virðist um verulega skemmd á heyrnartauginni að ræða, heldur leiðslutruflun, (heyrir illa lága tóna). Mér er ekki unnt að segja til um, hvort þetta heyrnartap er afleiðing operationarinnar eða byrjandi otosclerosis. (Móðir hennar hefur haft otosclerosis). Væri rétt að fylgjast með heyrninni síðar“.

Alyktun: Hér er um að ræða 18 ára gamla stúlku, sem varð fyrir bil, er hún var 7 ára gömul, og hlaut brot á höfuðkúpu. Er fram liðu stundir, myndaðist beingarður á brotstaðnum, og olli hann því, að gera varð aðgerð á taugaskurðdeild í Kaupmannahöfn rúmum 3 árum eftir slysið.

Sérfræðingur í taugasjúkdómum, sem skoðað hefur stúlkuna, telur, að hún hafi vafalaust fengið slæman höfuðáverka með heilamari. Hann telur heyrnartapið á vinstra eyra, breytingar á heilalínuriti, höfuðverkjaköst og skapgerðarbreytingar afleiðingar slyssins. Hann telur ekki, að stúlkunni muni batna neitt að ráði héðan af.

Af þessum sökum verður að meta stúlkunni örorku vegna slyssins 3. marz 1952, og tel ég eðlilegast að meta henni varanlega örorku frá 16 ára aldri 25%“.

Pórir Bergsson tryggingafræðingur mat hinn 27. apríl 1964 tjón Helgu heitinnar vegna örorku hennar. Hann áætlaði vinnutekjur með hliðsjón af kauptöxtum Iðju, félags verksmiðjufólks, þannig að laun á 16. og 17. aldursári eru miðuð við unglingataxta félagsins, en laun á 18. aldursári talin 80% af kvennakaupi, sem síðan er hækkað um 5% árlega til 22 ára aldurs og jafnframt litið til launahækkana samkvæmt úrskurði launajafnaðarnefndar. Þá er miðað við 7% ársvexti, dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu árianna 1941—1950 og líkur fyrir starfsorkumissi eftir sænskri reynslu, en ekkert dregið frá vegna opinberra gjalda. Þegar síðan er gert ráð fyrir, að tjónið sé sami hundraðshluti áætlaðra vinnutekna sem orkutjónið, þ. e. 25%, telst það á 15 ára afmælisdegi Helgu heitinnar, 30. janúar 1960, nema kr.

241.367.00, sé einungis reiknað með dagvinnu, en kr. 277.425.00, sé gert ráð fyrir 5 eftirvinnutímum á viku.

Tryggingafræðingurinn áætlaði hinn 16. september 1965 tjónið af nýju á sama grundvelli að öðru leyti en því, að tekið var tillit til launabreytinga, sem orðið höfðu eftir 27. apríl 1964, og nýrrar vitneskju um dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og svo miðað við 6% ársvexti. Samkvæmt þessum reikningi nam tjónið kr. 315.863.00 miðað við dagvinnu, en kr. 368.012.00 væri að auki gert ráð fyrir 5 eftirvinnutímum á viku.

Loks hefur tryggingafræðingurinn hinn 25. janúar 1969 áætlað örorkutjón Helgu heitinnar „fram til dánardægurs“ hennar, 13. júní 1968, á sama hátt að öðru leyti en því, að reiknað er með 7% ársvöxtum, og taldist heildartekjumissir hennar kr. 99.351.00 miðað við dagvinnu, en kr. 114.193.00, ef gert er ráð fyrir 5 eftirvinnutímum að auki.

Eftir málf lutningi áfrýjanda teljast fullar bætur fyrir tjón Helgu heitinnar:

1. Bætur fyrir orkumissi	kr. 200.000.00
2. Þjáningabætur og bætur fyrir röskun á stöðu og högum	— 95.000.00
3. Bætur vegna útlagðs kostnaðar	— 5.000.00

Samtals kr. 300.000.00

Um 1. lið. Með hliðsjón af greinargerð tryggingafræðings og reikningum, sem raktir hafa verið, þykir tjón samkvæmt þessum lið hæfilega metið — 100.000.00

Um 2. lið. Með tilvisun til læknisgagna, er rakin hafa verið, er fjárhæð þessa liðar í hóf stillt, og verður hún því lögð til grundvallar — 95.000.00

Um 3. lið. Fjárhæð þessa liðar er viðurkennd af hendi stefnda — 5.000.00

Kr. 200.000.00

er stefnda ber að greiða áfrýjanda að $\frac{1}{4}$ hluta, þ. e. kr. 50.000.00, ásamt vöxtum, eins og síðar greinir.

Eftir þessum úrslitum á stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 39.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen h/f, greiði áfrýjanda, dánarbrú Helgu Hafsteinsdóttur, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1960 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 39.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Hafsteinn Ólafsson f. h. ólögráða dóttur sinnar, Helgu Hafsteinsdóttur, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 2. marz 1962, gegn Bernhard Petersen stórkaupmanni, Reykjavík. Dómur í málinu var uppkveðinn hinn 24. september 1965, en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 8. marz 1967, var sá dómur og meðferð málsins ómerkt frá og með þinghaldi 12. apríl 1962, þar eð stefndi hafði andazt 8. apríl s. á. Í þinghaldi hér fyrir dómi hinn 4. september 1967 lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að Helga Hafsteinsdóttir væri orðin fjárráða og tæki hún því við aðild málsins. Lögmaður stefnda lýsti því yfir í sama þinghaldi, að hlutafélagið Bernhard Petersen hafi varnaraðild í málinu, og var það samþykkt af lögmanni stefnanda. Var heiti málsins breytt í samræmi við þetta.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 100.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Síðan lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfunnar í 6% frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, en krafðist áfram 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Trolle & Rothe h/f í Reykjavík hefur verið stefnt til réttar-

gæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gerðar á hendur félaginu. Hefur það og ekki gert kröfur í málinu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans. Til vara hefur hann krafizt lækkuar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að klukkan rúmlega 1200 mánudaginn 3. marz 1952 ók Friðrik Jónsson vörubifreiðinni R 1880, eign stefnda, austur Hringbraut. Með honum í bifreiðinni voru þrír menn. Sat einn þeirra við hlið hans í bifreiðinni, en hinir tveir stóðu á palli hennar. Er hann nálgadist gatnamót Hofsvallagötu, hljóp stefnandi, þá 7 ára, á bifreiðina og slasaðist töluvert.

Ökumaðurinn hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið á miðri akbrautinni nyrðri, þar eð klakahryggur hafi verið við gangstéttina vinstra megin við bifreiðina. Hafi hann alls ekki ekið yfir 20 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Er hann hafi verið rétt kominn að gatnamótunum, hafi mennirnir uppi á palli bifreiðarinnar barið í þak stýrishússins. Kvaðst hann þá strax hafa hemlað og beygt til vinstri og stöðvað bifreiðina. Hann hafi farið strax út úr bifreiðinni og hafi hann þá séð telpuna liggja á götunni fyrir aftan bifreiðina. Hann kvaðst ekki hafa séð telpuna, fyrr en eftir að hann kom út úr bifreiðinni. Ekki kvaðst hann hafa orðið þess var, að bifreiðin eða hjól hennar færu yfir neitt, og því taldi hann ósennilegt, að telpan hefði orðið fyrir hjólum bifreiðarinnar. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa verið vel á sig kominn og beint allri athygli sinni að akstrinum.

Vitnið Kjartan Einarsson, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa staðið hægra megin á palli bifreiðarinnar fram við stýrishúsið. Er bifreiðinni hafi verið ekið austur Hringbrautina, hafi henni verið ekið nálægt miðju akbrautarinnar á ca. 15 km hraða. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við húsið nr. 74, hafi svo hagað til í götunni, að þrjár bifreiðar stóðu á hægri vegjaðri brautarinnar við stykkið, sem skiptir akbrautunum. Hafi bifreiðar þessar staðið þannig, að á milli þeirra myndaðist sund. Er R 1880 var komin með framenda á móts við sunðið á milli bifreiðanna, hafi hann séð barn koma hlaupandi frá stykkinu milli brautanna og út á götuna í gegnum sunðið á milli bifreiðanna. Hafi barnið hlaupið hratt og stefnt beint út á götuna. Hafi það engum togum skipt, að hann hafi heyrt og séð, að barnið lenti með höfuðið á vörupallinum hægra megin og hafi barnið lent á pallinum rétt aftan við stýrishúsið. Hann kvaðst ekki hafa séð, hvernig barnið

féll í götuna, en hann hafi séð það falla niður með bifreiðinni. Hann kvaðst hafa barið í þak stýrishússins, um leið og þetta hafi skeð. Hann kvaðst ekki geta um það fullyrt, hvort hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir einhverja mishæð á veginum, um leið og hann sá barnið falla í götuna, en hann kvað sér hafa fundizt sem bifreiðin hafi lyfzt aðeins hægra megin að aftan. Hann kvað stjórnanda R 1880 hafa ekið eðlilega í alla staði, er atvik þetta skeði, og að það hafi verið útilokað fyrir hann að sjá til ferða barnsins, þar sem stýrishúsið hafi verið komið fram hjá sundi því, er barnið kom úr.

Vitnið Sumarliði Kristmann Ólason, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa setið við hlið ökumannsins hægra megin í stýrishúsinu. Hann kvað bifreiðinni hafa verið ekið eftir miðri akbrautinni með alls ekki meiri hraða en 15 km. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort klaki hafi legið við vinstri gangstéttina út á götuna. Er bifreiðin hafi verið að nálgast húsið nr. 74, hafi svo hagað til, að nokkrar bifreiðar hafi staðið á hægri hluta akbrautarinnar norðan við stykkið, sem skiptir akbrautunum, og hafi nokkurt bíl verið á milli þeirra. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við sundið á milli bifreiðanna og framendi hennar hafi verið að fara fram hjá sundinu, þá hafi hann séð út um rúðuna í hægri framhurðinni, að hönd, sem á var vettlingur, kom að hægri hlið bifreiðarinnar og hafi verið eins og höndin væri teygð fram að bifreiðinni. Hann kvaðst hafa séð höndina aðeins augnablik, því að hún hafi verið fyrir aftan sæti hans, en rétt um leið og hann hafi séð höndina, þá hafi hann heyrt, að eitt-hvað skall utan í hægri hlið vörupallsins rétt aftan við stýrishúsið. Um leið og hann hafi heyrt þetta, hafi hann rekið upp óp og í sömu andrá hafi verið barið í þak stýrishússins. Ökumanninum hafi auðsjáanlega komið þetta mjög á óvart, en hann hafi hemlað og beygt til vinstri og stöðvað bifreiðina við vinstri gangstéttarbrún. Er bifreiðin var stöðvuð, hafi hann farið út úr henni og séð, að ung telpa lá á bakinu á götunni, ca. 6—10 metra fyrir aftan bifreiðina. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir neina ójöfnu á götunni, eftir að hann sá höndina né eftir að hann heyrði höggið. Vitnið kvaðst oft hafa ekið með umræddum ökumanni og hafi sér virzt hann gætinn og góður ökumaður.

Vitnið Gunnar Jónsson, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa staðið á vörupallinum við stýrishúsið vinstra megin. Hafi bifreiðinni verið ekið eftir miðri akbrautinni, svo sem venja sé á einstefnu-

akstursgötum, og hafi hraðinn verið ca. 15—20 km. Á hægri vegjaðri akbrautarinnar við stykkið, sem skilur akbrautirnar, hafi staðið nokkrar bifreiðar og á móts við húsið nr. 74 hafi tvær þeirra staðið þannig, að á milli þeirra hafi verið nokkurt bil. Er framendi bifreiðarinnar hafi verið kominn á hlið við sundið, þá hafi það engum togum skipt, að hann hafi séð veru í rauðri flík koma að hægri hlið bifreiðarinnar og um leið hafi hann heyrt, að eitthvað skall utan í hægri hlið vörupallsins. Hafi hann þá þóttz vita, að hér væri um barn að ræða. Hann kvaðst ekki geta um það sagt, hvar barnið hafi lent á pallinum eða hvort það hafi verið fyrir framan eða aftan hæggra afturhjólið. Um leið og hann hafi séð barnið hverfa niður með pallinum, hafi hann barið í þak stýrishússins. Stjórnandi bifreiðarinnar hafi þá beygt til vinstri og stöðvað við vinstri gangstéttina. Hann kvað telpuna hafa legið á götunni ca. 6 metra aftan við bifreiðina og að því er honum virtist, mjög nálægt hægri hjólförum bifreiðarinnar. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir neina ójöfnu á götunni, eftir að hann heyrði höggið, er telpan lenti á bifreiðinni. Þó að hann hafi ekki séð það, þá taldi hann engan vafa vera á því, að telpan hafi komið hlaupandi út á götuna á milli bifreiðanna.

Níu dögum eftir slysið var tekin skýrsla af stefnanda. Hún kvaðst hafa verið að koma frá húsinu nr. 81 við Hringbraut, en í því húsi hafi hún verið í skóla. Hún kvaðst hafa hlaupið yfir syðri akbrautina og yfir stykkið á milli akbrautanna. Er hún hafi hlaupið í nyrðri akbrautina, hafi hún ekki séð til ferða R 1880. Hún kvaðst hafa hlaupið út í þá akbraut á milli tveggja bifreiða, sem staðið hafi kyrrar við syðri vegjaðarinn. Hún kvaðst hafa hlaupið á vörupall bifreiðarinnar og fallið aftur yfir sig á götuna, en bifreiðin hafi hvergi lent á henni. Bifreiðin hafi síðan stöðvazt, rétt um leið og þetta hafi skeð.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að ökumaður bifreiðarinnar hefði getað forðast slysið, ef hann hefði sýnt fyllstu aðgæzlu og bifreið hans hefði verið í fullkomnu lagi. Samkvæmt uppdraetti af vettvangi, sem gerður var af lögreglunni og ekki sætt andmælum ökumanns eða vitna, hefur bifreiðin stöðvazt um 10 metra frá slyssaðnum. Bifreiðaeftirlitsmenn reyndu bifreiðina, og samkvæmt prófunum þeirra stöðvaðist bifreiðin á 5 metra vegalengd, ef henni var ekið með 25 km hraða. Megi því af þessu tvennu ætla, að hraði bifreiðarinnar hafi í umrætt sinn verið allnokkru meiri en ökumaður og vitni hafa skýrt frá. Þá

bendi og allt til þess, að stefnandi hafi lent á bifreiðinni framan við stýrishúsið. Vitni það, sem sat í bifreiðinni, sá hönd hennar út um hliðarrúðu bifreiðarinnar. Eitt vitnanna telur bifreiðina hafa farið yfir einhverja ójöfnu með hægra afturhjóli. Með það í huga svo og hin miklu meiðsl stefnanda benda allar líkur til þess, að hún hafi orðið undir hjólinu. Því hefði ökumaðurinn átt að geta forðað, ef hann hefði hemlað, strax og stefnandi lenti á bifreiðinni. Einnig komi í ljós við prófun á bifreiðinni, að sá galli hafi verið á henni, að hemilsfetillinn gekk alveg niður að gólfi, þegar fullu átaki var beitt, en það bendi til þess, að hemlun verði minni en ella. Hins vegar er viðurkennt, að stefnandi hafi sýnt verulega óvarkárni í umrætt sinn og eigi af þeim sökum að bera hluta af tjóninu. Telur stefnandi hæfilegt að skipta sök á tjóninu þannig, að stefndi beri $\frac{1}{3}$ hluta þess. Er fjárfrafa hennar í málinu við það miðuð.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að orsök slyssins eigi að öllu leyti rætur að rekja til óaðgæzlu stefnanda. Ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt fyllstu aðgæzlu og varkárni við akstur hennar. Hann hafi ekið á hægri ferð og beint allri athygli sinni að akstrinum. Ekki hafi verið aðfinnsluvert að aka á miðri akbrautinni, en hún er einstefnuakstursbraut. Bifreiðin hafi verið komin með stýrishúsið fram fyrir sunni milli hinna kyrrstæðu bifreiða, er stefnandi hljóp þar í milli og á vörubifreiðina. Ökumaðurinn hafi því ekki getað séð til ferða hennar. Hann hafi og beitt hemlum þegar í stað, er slysið skeði, og þeir hafi verið í fullkomnu lagi, svo sem prófun beri með sér. Engin líkindi séu og til þess, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir stefnanda.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Bifreiðaeftirlitinu, en það lét prófa bifreiðina sama daginn og slysið skeði. Þar segir m. a., að hún hafi verið „reynd í akstri á ca. 25 km hraða (hraðamælir ekki virkur) á láréttri malborinni götu, þar sem snjólaust var, og stöðvaðist bifreiðin á 5 metra færi, þegar fóthemlum var beitt. Greinileg hemlaför sáust eftir öll hjólin, enda verkuðu hemlarnir jafnt og vel. En þar sem hemilsfetillinn gekk alveg að gólfi, þegar fullu átaki var beitt á fóthemla, var fyrirskipuð lagfæring á því, að öðru leyti virtist bifreiðin vera í lagi“.

Af skýrslum þeim, sem hér að framan hafa verið raktar, er ljóst, að stefnandi hafi í umrætt skipti hlaupið út á milli hinna kyrrstæðu bifreiða og lent á hlið R 1880. Enn fremur er ljóst, að bifreiðinni hafi verið ekið fremur hægt og hemlar og annar útbúnaður hennar hafi verið í lagi. Þá er ósannað, að hjól bifreiðar-

innar hafi farið yfir stefnanda. Að þessu athuguðu svo og atvikum að öðru leyti þykir verða talið í ljós leitt, að ökumaður bifreiðarinnar hefði eigi getað afstýrt slysinu, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og bifreiðin hefði verið í lagi, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Helgu Hafsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 184/1967: **Sigurður Ingvar Hannesson og Sigríður Friðriksdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Dánar- og félagsbúi Hannesar Sigurðssonar og Ingunnar Ívarsdóttur, Valdemar, Stefáni og Ívari Hannessonum og Freyju Rögnu Gamalielsdóttur f. h. barna hennar, Sigrúnar Heiðu Ragnarsdóttur og Hannesar Ragnarssonar og ófjárráða dóttursona, Ragnars og Sigurðar Magnússona

(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skipti. Krafa í dánar- og félagsbú.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á.